# II. Hlunkidí bunk

Pétur Eggerz

Guðni Franzson




Renni tiltektaræði á tröll
taka að skjálfa landsins fjöll,
hristist þá jörðin, hrapa björg
hræðast börnin ótalmörg.

Hlunkidí bunk hompedí bei
hum og dum og fussumsvei

Næstum aldrei þau elda mat,
erðanú abbababb og frat!
Gerist það að þau sjóði graut,
gjósa fjöllin og fylla laut

Hlunkidí bunk.....

Elski tröllkelling tröllakall.
tryllt af ást hún skekur fjall.
Skekkjast þá hús og skelfast dýr,
skemmast raflínur göng og brýr.

Hlunkidí bunk.....

Átt geta tröllin víst ótal börn,
átta stundum í einni törn!
Leiki þau sér þessi litlu skinn
lifnar jarðskljálftamælirinn.

Hlunkidí bunk.....